

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2006/EES/30/15

frá 26. júlí 2002

um að koma á fót hópi til að marka stefnu varðandi tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar (*)

(2002/622/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 676/2002/EB frá 7. mars 2002 um regluramma um stefnu Evrópubandalagsins varðandi tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar⁽¹⁾ (hér á eftir nefnd ákvörðunin um tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar) er mótuð stefna og lagarammi fyrir Bandalagið um stefnu varðandi tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar í því skyni að tryggja samræmdar leiðir við stefnumótun og, eftir því sem við á, samhæfð skilyrði með tilliti til aðgengis og skilvirkar notkunar á tíðnirófi fyrir þráðlausar sendingar en það er nauðsynlegt til að koma á innri markaði og fyrir starfsemi hans á sviðum sem stefna Bandalagsins tekur til, svo sem rafrænna fjarskipta, flutninga og rannsóknna og þróunar.
- 2) Í ákvörðuninni um tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar er minnt á að framkvæmdastjórninni er heimilt að skipuleggja samráð í þeim tilgangi að taka tillit til sjónarmiða aðildarríkjanna, stofnana Bandalagsins, atvinnugreinarinnar og allra notenda tíðnirófs fyrir þráðlausar sendingar sem málið varðar, hvort sem er í atvinnuskyni eða ekki, sem og annarra hagsmunaaðila, að því er varðar þróun tækni, markaðarins og reglna sem kunna að tengjast notkun tíðnirófs fyrir þráðlausar sendingar.
- 3) Koma skal á fót samráðshópi sem kallast skal hópur til að marka stefnu varðandi tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar (hér á eftir nefndur hópurinn). Hópurinn skal veita framkvæmdastjórninni aðstoð og ráðgjöf um málefni sem tengjast stefnu varðandi tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar svo sem aðgengi að, samhæfingu og skiptingu tíðnirófs fyrir þráðlausar sendingar, miðlun upplýsinga um skiptinguna, aðgengi og notkun tíðnirófs fyrir þráðlausar sendingar, aðferðir við veitingu réttar til notkunar tíðnirófs, endurúthlutun (refarming), endurstaðsetningu (relocation) og skilvirka notkun tíðnirófs fyrir þráðlausar sendingar sem og heilsuvernd.
- 4) Hópurinn skal stuðla að þróun stefnu varðandi tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar í Bandalaginu sem tekur ekki einungis tillit til tæknilegra færibreytna heldur einnig efnahagslegra, pólitískra, menningarlegra, heilbrigðis- og félagslegra þátta sem og ólíkra þarfa notenda tíðnirófs fyrir þráðlausar sendingar til að tryggja að sanngjarnt og hlutfallslegt jafnvægi náist, án mismununar.
- 5) Hópurinn skal kalla saman háttsetta sérfræðinga stjórnvalda aðildarríkjanna og háttsettan fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar. Í hópnum geta einnig verið áheyrnarfulltrúar og má bjóða öðrum einstaklingum að sitja fundi eftir því sem við á, þ.m.t. eftirlitsaðilum, samkeppnisyfirvöldum, markaðsaðilum, notenda- eða neytendahópum. Hópurinn á því að gera samvinnu milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar mögulega og stuðla þannig að þróun innri markaðarins.
- 6) Í hópnum verður þungamiðja allrar umfjöllunar um málefni er varða stefnu varðandi tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar með tilliti til allra viðkomandi stefnumála Bandalagsins og skal viðhalda nánnum tengslum milli hans og sérstakra hópa eða nefnda sem komið er á fót til að hrinda í framkvæmd stefnumálum Bandalagsins á tilteknum sviðum, þ.m.t. stefnan í flutningamálum, stefna innri markaðarins varðandi þráðlausan fjarskiptabúnað, stefnan í málefnum hljóð- og myndmiðla svo og stefnan varðandi geimferðaáætlanir og í fjarskiptamálum.
- 7) Í ákvörðuninni um tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar er komið á fót nefnd um tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar sem verður framkvæmdastjórninni til aðstoðar við mótun bindandi framkvæmdar-ráðstafanna sem taka til samhæfðra skilyrða að því er varðar aðgengi og skilvirka notkun tíðnirófs fyrir þráðlausar sendingar. Starf hópsins skal ekki hafa áhrif á starf nefndarinnar.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 198, 5.6.2003, bls. 37. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2004 frá 6. febrúar 2004 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) og bókun 37 við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 20, 22.4.2004, bls. 12

(¹) Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 1.

- 8) Til að tryggja skilvirkar umræður skal sendinefnd hverrar þjóðar í hópnum hafa vel ígrundaða og samræmda skoðun í öllum málum sem hafa áhrif á notkun tíðnirófs fyrir þráðlausar sendingar í eigin aðildarríki, ekki einungis með tilliti til innri markaðarins heldur einnig allsherjarreglu, almannaöryggis, almannavarna og stefnu í varnarmálum þar sem notkun tíðnirófs fyrir þráðlausar sendingar í slíkum stefnumálum kann að hafa áhrif á skipulag tíðnirófs fyrir þráðlausar sendingar í heild. Nú bera mismunandi innlendar ríkisstofnanir ábyrgð á mismunandi hlutum tíðnirófs fyrir þráðlausar sendingar.
- 9) Hópurinn skal hafa viðtækt samráð um framtíðarþróun tækninnar, markaðarins og reglna sem tengjast notkun tíðnirófs fyrir þráðlausar sendingar við alla notendur tíðnirófs fyrir þráðlausar sendingar sem hlut eiga að máli, hvort sem er í atvinnuskyni eða ekki, sem og annarra hagsmunaaðila.
- 10) Notkun tíðnirófs fyrir þráðlausar sendingar er ekki bundin landamærum og í ljósi væntanlegrar inngöngu nýrra aðildarríkja stendur hópurinn þeim ríkjum opin sva og þeim sem eru aðilar að Evrópska Efnahagssvæðinu.
- 11) Þjóða skal CEPT (Samtök póst- og símastjórna í Evrópu - sem í eru 44 Evrópulönd) að eiga áheyrnarfulltrúa í hópnum í ljósi þeirra áhrifa sem starfið hefur á samevrópskum vettvangi og vegna þeirrar tæknilegu sérþekkingar sem samtökin og stofnanir þeim tengdar hafa aflað sér um stjórnun tíðnirófs fyrir þráðlausar sendingar. Einnig er rétt að leita til sérfræðinga á grundvelli þeirra umboða sem veitt verða samkvæmt ákvörðuninni um tíðniróf þráðlausra sendinga með tilliti til þróunar á framkvæmdarráðstöfunum að því er varðar upp-skiptingu tíðnirófs fyrir þráðlausar sendingar og aðgengi upplýsinga. Í ljósi þess hversu mikilvægir Evrópustaðlar eru fyrir þróun búnaðar sem notar tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar er einnig mikilvægt að Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu (ETSI) fái áheyrnarfulltrúa.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Viðfangsefni

Ráðgjafarhópi um stefnu varðandi tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar, sem kallast skal hópur til að marka stefnu varðandi tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar (hér á eftir nefndur hópurinn), er hér með komið á fót.

2. gr.

Markmið

Hópurinn skal veita framkvæmdastjórninni aðstoð og ráðgjöf í málum sem tengjast stefnu varðandi tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar, samræmdar leiðir við stefnumótun og, eftir því sem við á, samræmd skilyrði fyrir aðgengi og skilvirkri notkun tíðnirófs fyrir þráðlausar sendingar sem nauðsynlegt er fyrir stofnun og starfsemi innri markaðarins.

3. gr.

Aðild

Hópurinn skal skipaður einum háttsettum sérfræðingi frá hverju aðildarríki sem og háttsettum fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

Framkvæmdastjórnin skal leggja hópnum til skrifstofu-aðstöðu.

4. gr.

Starfsfyrirkomulag

Að beiðni framkvæmdastjórnarinnar eða að eigin frumkvæði skal hópurinn samþykkja, samhljóða eða með einföldum meirihluta ef samhljóða samþykki næst ekki, álit, sem beint er til framkvæmdastjórnarinnar, í atkvæðagreiðslu þar sem hver fulltrúi hefur eitt atkvæði nema hvað fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar greiðir ekki atkvæði. Sératkvæði skulu fylgja samþykktum álitum. Áheyrnarfulltrúum er heimilt að taka þátt í umfjöllun mála en þeir greiða ekki atkvæði.

Hópurinn kýs formann úr sínum röðum. Framkvæmdastjórninni er heimilt að skipuleggja starf hópsins þannig að það fari fram í undirhópum og vinnuhópum sérfræðinga, eftir því sem við á.

Framkvæmdastjórnin boðar til funda hópsins fyrir tilstilli skrifstofunnar í samráði við formanninn. Hópurinn setur sér starfsreglur að fenginni tillögu frá framkvæmdastjórninni, með samhljóða samþykki, eða ef samhljóða samþykki næst ekki, með tveimur þriðju hluta atkvæða meirihluta, þar sem hvert aðildarríki hefur eitt atkvæði, með fyrirvara um samþykki framkvæmdastjórnarinnar.

Hópnum er heimilt að bjóða áheyrnarfulltrúum, þ.m.t. frá EES-löndunum og þeim ríkjum sem sækja um aðild að Evrópubandalaginu, sem og fulltrúum frá Evrópuþinginu, samtökum póst- og símastjórna í Evrópu (CEPT) og Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu (ETSI) að sitja fundi sína og er þeim heimilt að hlýða á málflutning sérfræðinga og hagsmunaaðila.

5. gr.

Samráð

Hópurinn skal frá upphafi hafa viðtækt samráð við markaðsaðila, neytendur og endanlega notendur á opin og gagnsæjan hátt.

6. gr.

Trúnaðarkvöð

Ef framkvæmdastjórnin tilkynnir að trúnaðarkvöð skuli gilda um umbeðið álit eða umfjöllun máls er fulltrúum áheyrnarfulltrúum og öllum öðrum sem viðstaddir eru á fundum, óheimilt að láta í té upplýsingar um það sem fram kemur í starfi hópsins, undirhópa hans eða sérfræðingahópanna, sbr. þó ákvæði 287. gr. sáttmálans. Í slíkum tilvikum er framkvæmdastjórninni heimilt að ákveða að einungis fulltrúarnir í hópnum megi sitja fundi.

7. gr.

Gildistaka

Ákvörðun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hópurinn skal taka til starfa daginn sem ákvörðun þessi öðlast gildi.

Gjört í Brussel 26. júlí 2002.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Erkki LIIKANEN

framkvæmdastjóri.
